

SVO RÍS UM ALDIR ÁRIÐ HVERT UM SIG

Það ár sem nú er brátt á enda runnið, höfum við orðið vör við að ekki eru allir á eitt sáttir um hvort ný öld hefst næstu áramót eður ei. Íslendingar héldu raunar aldamót síðast hátiðleg áramótin 1900/1901 og í ljósi þess er kúnstugt að ætla aðeins að reikna sig til 1999/2000 með aldamótin að þessu sinni. Einkum þar sem viðlíka deilur voru uppi um sama leyti fyrir hundrað árum og menn komust þá að ólíkri niðurstöðu. Annars skiptir þetta ekki nokkru einasta máli. Það er hvort sem er aðeins hluti heimsbyggðarinnar sem fylgir okkar tímatali og víða annars staðar er talning ára reiknuð út frá öðrum forsendum. Við Íslendingar erum hluti af hinum svokölluðu vestrænu þjóðum og dönsu því eftir pípu markaðsafla og meirihlutaálits þess heimshluta.

Á sama hátt og ég velti fyrir mér tímasetningu og mikilvægi aldamóta, hef ég varið drjúgum tíma til að hugleiða hvaða skepna "Tíminn" raunverulega er. Ég kemst ekki að sérstakri niðurstöðu, nema helst þeirri að "Tíminn" sem slíkur eigi kannski lítið skilt við tímamælieiningar þær sem fundnar voru upp af mönnum til að halda hagfræðilegum veruleika í kerfi. Af því er ég nú að hugsa um þetta, að ég hallast að því að klukkustundir og mínútur séu einhverjir ströngustu fangaverðir okkar, ásamt hinni oft íþyngjandi kvöð að "nýta tímann." Hvort stjórnum við tímanum eða hann okkur?

Þessi öld, sem nú hverfur okkur inn á blaðsíður sögunnar, fól í sér gífurlegar breytingar og þróun fyrir stóra hluta mannkyns. Ég þarf ekki annað en að hugsa um hana ömmu mína, sem fæddist árið 1895 í Hróarstungunni í ágætum torfbæ og upplifði næstu tæp hundrað árin breytingar frá tóvinnu til hátækni. Til dæmis rafmagn, plast, sturtuna, útvarpsbylgjur, kvikmyndir, bíla, flugvélar, síma, geimferðir, örgjörva, árumyndatökur og guð veit hvað. Mér er satt að segja hulin ráðgáta hvernig menn héldu sönsum í öllu þessu flóði breytinga á lífsháttum sínum og raunveruleika. Manneskjan virðist óendanlega hæf til að laga sig að hverskyns breytingum og bramli.

Fyrir mörgum árum las ég bók, sem oft hefur valdið mér heilabrotum. Því miður kann ég hvorki deili á titli né höfundu lengur. Umfjöllunarefni hennar var eitthvað á þá leið, að síðla á tuttugustu öldinni liggur maður nokkur gersamlega magnþrota á sólbekk í bakgarði hótels í New York og fer yfir æviferil sinn í huganum. Sá ferill reynist bæði langur og strangur. Hann hafði sem sé fæðst sunnarlega á hnettinum, eitthvað um átta hundruð árum fyrir Kristsburð og hlotið þá einstæðu gjöf frá æðri máttarvöldum, sökum tærrar fegurðar og sérlegra gáfna, að verða eilífur.

Manngreið rekur svo sögu sína um hvern kima jarðarinnar gegnum árhundruðin; ástir, styrjaldir, ósigra, eyðileggingu, sigra, uppbyggingu, harma og hetjuskap, - og kemst að þeirri einföldu niðurstöðu í kjölfarið, að mannkynið hafi ekki lært nokkurn skapað hlut af reynslunni allan þennan tíma. Það endurtaki í sífellu ris og hnig samfélaga sinna, án þess að verða nokkurs vísara í raun og veru. Og í því sé líklega það að vera "maður" fólgið. Hinn eilífi horfir á allar þessar óteljandi veruleikahringferðir sínar og biður í örvæntingu máttarvöldin að taka frá sér þann beiska hikar tilgangsleysisins, eilíft líf á jörð. Bókin er auðvitað heiftarlegt svartagallsraus, en í henni er broddur sem stingst inn í framtíðina og vekur spurningar um hvert stefnir.

Svo vikið sé aftur að aldamótum, þá er sá handagangur í vestrænna landa öskjum sem nú er uppi vegna aldamóta, mér að vissu marki skiljanlegur. Ég tel að þetta sé fyrst og fremst framsetning mjög sterkra tilfinninga í garð framtíðarinnar. Tilfinninga sem byggja á forvitni, en þó fyrst og fremst ótta. Sem sé óttablandin forvitni um framtíð sem við höfum traúðla hugmynd um hvað bera mun í skauti sér

Ég sé tæpast fyrir mér að jafn afgerandi breytingar muni eiga sér stað á nýrri öld og þeirri sem senn er liðin, hygg að nú taki menn til við að þróa áfram ýmislegt sem þegar er búið að leggja drögin að og talið er vænlegt til framtíðarafkomu mannkyns.

Ekki verður fram hjá því lítið í þessu samhengi, að menn horfa sumir hverjir með söknuði til fortíðar, eftir einfaldleika og gömlum gildum. Sú fortíðarþrá er þó ef til vill umdeilanleg, þar sem tímarnir hafa í einhverjum skilningi ævinlega verið tvennir. En svo verður að taka ár sem það gár, eins og maðurinn sagði.

Hvað sem framtíðarinnar gervigreind liður, tæknilegri firringu, fjármagnsmörkuðum peningapúka á fjósbitum heimsins og stórstígum framförum í vísindum, er samt augljóst að það er aðeins hluti mannkyns sem nýtur þeirrar þróunar. Ekkert bendir til annars en að fátækari þjóðir muni áfram aðeins hirða molana af gnægtaborði iðnríkjanna og munurinn á ríkum og fátækum aukast stig af stigi. Því miður.

Það veganesti sem við öll, ófullkomin eins og við erum, ættum að taka með okkur inn í nýtt árpúsund, er einfaldlega kærleikur. Óskilyrtur kærleikur til meðbræðra okkar og alls þess sem lífsandann dregur. Kærleikurinn felur í sér umburðarlyndi og virðingu og aðeins með því að rækta hann með okkur, getum við nálgast kjarna tilveru okkar í þessum geggjæða heimi sem þrátt fyrir allt er svo stórkostlegur og hlaðinn tækifærum.

Sting ég nú pípu minni í sekk og sendi Austfirðingum og landsmönnum öllum óskir um hamingjuríka hátíðardaga og farsæld í leik og starfi á nýju ári. Læt ég hér fylgja með ljóð Jónasar Hallgrímssonar til andans styrkingar:

Svo ris um aldir árið hvert um sig,
cilíðar lítið blóm í skini hrcinu.
Mér er það svo sem ekki neitt í neinu,
því tíminn vill ei tengja sig við mig.

Eitt á ég samt, og annast vil eg þig,
hugur mín sjálfs í hjarta þoli vörðu,
er himin sér, og unir lágrí jörðu,
og þykir ekki þokan voðalig.

Ég man þeir segja: hart á móti hörðu,
en heldur vil eg kenna til og lifa,
og þótt að nokkurt andstreymi ég bíði,

en liggja eins og leggur upp í vörðu,
sem lestarstrákar taka þar og skrifa
og fylla, svo hann finnur ei – af níði.

Steinunn Ásmundsdóttir